

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Norðurbæ“, v/Hraunbrúna 46, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 16. október 2001 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Norðurbæ“, v/Hraunbrúna 46, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður svo koma megi fyrir sólstofu. Breytingin skal taka mið af kvöðum um lagnir á lóðinni.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 3. janúar 2002.

Hafðís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.